



***Greinargerð um framkvæmd samnings Austurbrúar
við mennta- og menningarmálaráðuneytið***

Júní 2014

Fjallað er um helstu verkefni sem fræðsluvið Austurbrúar sinnir og kynnt eru í starfsáætlun fyrir árið 2014. Farið er yfir tölulegar upplýsingar og mælanleg markmið sem sett voru fram í starfsáætluninni en ekki fjallað um starfsemina að öðru leiti.

Bergþóra Hlín Arnórsdóttir – framhaldsfræðsla - símenntun, náms- og starfsráðgjöf

Guðrún Áslaug Jónsdóttir - háskólanám og rannsóknir

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Háskólanám og rannsóknir	1
Háskólabjónusta	1
Rannsóknir	2
Framhaldsfræðsla og símenntun.....	3
Ýmis verkefni	3
Kynningar.....	5

Inngangur

Í samræmi við ákvæði samnings milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Austurbrúar (áður Þekkingarnet Austurlands) sem var í gildi frá 2011 – 2013 og drög að nýjum samningi sem gilda skal 2014 -2017 er hér tekið samað stutt yfirlit um starfsemi á fræðsluviðum Austurbrúar á tímabilinu janúar til júní 2014.

Háskólanám og rannsóknir

Háskólabjónusta

Fjöldi fjarnema Fjöldi háskólanema á vorönn var um 160 og eru það örlitlu færri nemendur en áætlað var.

Kynning og bjónusta við háskólanema

Verkefnastjórar á sviði háskólanáms tóku saman og kynntu yfirlit yfir námsframboð háskólanna í fjarnámi fyrir íbúum Austurlands með auglýsingum í maí. Einnig var farið með kynningarfundum á flesta þéttbýlisstaði á svæðinu og boðið uppá náms- og starfsráðgjöf. Um **30 manns** fengu ráðgjöf á fundunum.

Fjarfundaaðstaða, les- og hópinnuaðstaða

Aðstaða til að taka á móti og miðla kennslu í gegnum fjarfundabúnað er til staðar á flestum starfsstöðvum. Nokkur hópur nemenda nýtti það á öllum starfsstöðvum Austurbrúar á vorönn 2014. Einnig notuðu nokkrir tugir nemenda að staðaldri eða óreglulega lesaðstöðu sem er í boði á flestum starfsstöðvum Austurbrúar.

Örnámskeið fyrir háskólanema

Auglýstir voru stuðningstímar fyrir háskólanemendur víðs vegar um Austurland á vorönn þar sem fjallað var um: Heimildavinnu, leit í gagnagrunnum og notkun heimildaskráakerfa, hugkortagerð, lokaverkefnavinnu, það að vera fjarnemi og ýmis hjálpartæki svo sem Google Docs, Dropbox og OneNote svo nokkuð sé nefnt. Mætingar á námskeiðin

voru um 20 og þau voru haldin á Egilsstöðum og Vopnafirði og boðin á fleiri stöðum ef þátttaka fengist. Gert var sérstakt kennsluefni sem notað er á námskeiðunum.

Ráðgjöf og aðstoð Háskólanemar fengu einstaklingsaðstoð við ýmis úrlausnarefni. Aðstoðin felst fyrst og fremst í aðstoð við tölfræði en einnig heimildafrágang og leit að heimildum ofl. Nemendur fengu aðstoð á öllum stigum háskólanáms einkum tengt lokaverkefnum á BA, MA og PhD stigi. Alls fengu milli 15 – 20 einstaklingar aðstoð og sumir hafa þegið ráðgjöf reglulega yfir önnina.

Próftaka Alls voru próftökur orðnar um 490 þann 10. júní 2014 sem er nokkru meira en undanfarin ár. Nokkrir tugir eru próf frá menntaskólum og eru þau einkum haldin á þeim stöðum þar sem ekki eru starfandi menntaskólar. Yfirgnæfandi meirihluti eru háskólapróf.

Hvatning til háskólana að bæta þjónustu

Á vorönn fóru verkefnastjórar fræðsluviða í heimsókn til Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands til að ræða um þjónustu við fjarnema á Austurlandi og hvetja háskólana til að bæta þá þjónustu og auka fjölbreytni í framboði á fjarnámi. Rætt var um frumgreinanám og iðnfræði við HR en um menntavísindi og félagsvísindi við HÍ.

Nýjungar í starfi Til að sinna þessu var ráðist í stóra könnun meðal starfandi kennara á Austurlandi um óskir þeirra um nám, námsefni, tímasetningar námskeiða og fleira. Niðurstöðurnar voru m.a. ræddar í heimsókn starfsmanna Austurbrúar til Menntavísindasviðs HÍ.

Rannsóknir

Ráðgjöf Nokkur rannsóknaverkefni hafa verið til skoðunar með ýmsum samstarfsaðilum m.a. sjávarútvegsfyrirtækjum, og sveitarfélögum og ýmiskonar ráðgjöf hefur verið veitt vegna rannsóknahugmynda.

Styrkjaumhverfi Lokið var við vinnu við styrkjadagatal sem er yfirlit yfir fjölbreytta styrkjamöguleika til minni og stærri verkefna.

Ýmis rannsóknatengd verkefni:

Fossar á Austursvæði Vatna jökulspjóðgarðs. Fyrsta áfanga verkefnisins lauk í maí 2014 en það er fjármagnað af Vinnum Vatnajökuls.

Rannsóknabókasafn. Ekki hefur verið unnið sérstaklega með þessa þætti á vorönn 2014 en gagnasöfnum viðhaldið og miðlað úr þeim ef þess er óskað.

Fjarvinnsla, reynsla og möguleikar. Unnið er að úttekt á fjarvinnsluverkefnum fyrir Vinnumarkaðsráð og er verkefnið fjármagnað af því.

Hafnsækin starfsemi á Austfjörðum. Verkefnið fjallar um úttekt á hafnsækinni starfsemi á Austfjörðum og er að frumkvæði og í samstarfi við sjávarútvegsfyrirtæki og fjármagnað af þeim.

Sjálfbærni verkefnið. Verkefni sem unnið er fyrir Alcoa og Landsvirkjun og hefur verið í hefðbundnum farvegi á fyrri hluta árs 2014 og m.a. var haldinn ársfundur þess þar sem menntamál og sjálfbærni voru í brennidepli. Um 60 manns mættu á fundinn.

Framhaldsfræðsla og símenntun

Almenn námskeið Á vorönn 2014 voru haldin 61 námskeið, heldur færri en starfsáætlun gerði ráð fyrir. Röðun í flokka er eftirfarandi:

Námsleiðir FA	7
Íslenska fyrir útlendinga	3
Fjölmenn	6
Starfstengd námskeið	36
Tómstundanámskeið og annað nám	9
Samtals	61

Nemendur voru 853 og nemendastundir 19.604. Nemendur heldur fleiri en áætlun gerði ráð fyrir en nemendastundir heldur færri.

Náms- og starfsráðgjöf

Tekin voru 170 viðtöl á vorönn 2014 sem er í samræmi við áætlun.

Raunfærnimat

Ekki var boðið upp á raunfærnimat á þessari önn þar sem það er háð skilyrðum um fjölda þátttakenda í hverri iðngrein. Erfitt er að uppfylla þessi skilyrði á Austurlandi en þeir sem hyggjast fara í mat geta fengið fyrsta viðtal hjá ráðgjafa.

Samstarf við fyrirtæki

Samstarf er við Heilbrigðisstofnun Austurlands, Launafl og Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs um námskeiðahald í tengslum við fræðsluáætlanir. Einnig er samstarf við Alcoa um íslenskupróf fyrir útlendinga, einkakennsla í íslensku, verkefni um námsefnisgerð í íslensku, þróun á rafrænu námsefni og útfærsla á notkun þess. Samstarf er við fleiri fyrirtæki en ekki um að ræða föst verkefni heldur námskeiðahald að óskum þeirra á hverri önn.

Markviss ráðgjöf

Ekki hafa hafist ný verkefni um þarfagreiningar eða fræðsluáætlanir fyrir fyrirtæki það sem af er þessu ári.

Ýmis verkefni

Austfyrsk fjölmiðlun. Opinn fyrilestur um niðurstöður rannsókna á fjölmiðlum á Austurlandi.

Geðræktardagur skipulagður og haldin námskeið í tengslum við hann í febrúar. Yfir 60 manns mættu á fyrirlestur og um 50 manns tóku þátt í námskeiðum í tengslum við daginn.

Fyrirlestur um sorg og sorgarviðbrögð var í mars fyrir starfsfólk í leikskóla, grunnskóla og foreldra.

Málþing um aukna hæfni til starfa og gæðamál framhaldsfræðslu var í febrúar í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Tæplega 50 manns sóttu málþingið víðs vegar af landinu.

Námsheimsókn frá Valencia á Spáni vegna undirbúnings samstarfsverkefnis.

Sérhæfð vottunarpróf (CMRP) voru haldin fyrir starfsmenn Alcoa.

Verkefnastjóri tók þátt í samstarfsdegi Fjölmennar í apríl. Þar var unnið að uppbyggingu á námstilboðum fyrir fatlaða.

Verkefnastjóri fór í námsheimsókn til Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi til að auka samstarf vegna Stóriðjuskólans.

Tæknidagur skipulagður en var frestað vegna verkfalls framhaldsskólakennara.

Tæknilausn er samstarfsverkefni styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslu í umsjón Verkmenntaskóla Austurlands (VA). Um er að ræða nám í nýsköpun f.

Vélfræði fyrir vélamenn var styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslu í umsjón Austurbrúar í samstarfi við VA. Haldið var námskeið í vélfræði og gert námsefni.

Tilraunakennsla fór fram á námi fyrir ófaglært starfsfólk í verslun og ferðapjónustu í samstarfi við Farskólann á Norðurlandi vestra og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Nordplus samstarfsverkefni er að hefjast í samstarfi við aðila í Lettlandi, Eistlandi og Svíþjóð.

Fulltrúi símenntunar fór í heimsókn til Finnlands til tengslamyndunar í símenntun.

Lokið var við ritun námskrár á 4. hæfniprepi sem heitir „Listhandverk & hönnun“, styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Unnið var samstarfsverkefni með Starf vinnumiðlun um talþjálfun í íslensku fyrir útlendinga.

Efling námstækifæra í skapandi greinum er verkefni styrkt af Sóknaráætlun og er samstarf Austurbrúar, framhaldsskólanna á Austurlandi og LungAskólans.

Unnið að myndun samstarfshóps um virknisetur á Austurlandi.

Unnið með samstarfshópi á landsvísu um styrkingu menntunar í ferðaþjónustu.

Unnið er með Vinnuskóla Fjarðarbyggðar og útgerðarfélagum í Fjarðabyggð að uppbyggingu Sjávarútvegsskóla Fjarðabyggðar sem ætlaður er nemendum sem lokið hafa 9. bekk grunnskóla.

Samstarf við þekkingarsetur. Austurbrú átti fulltrúa á fundi forstöðumanna þekkingarsetra sem haldinn var í Sandgerði í febrúar.

Nýjar hugmyndir og leit að samstarfsaðilum. Fulltrúi fræðsluviða Austurbrúar fór til Östersund í Svíþjóð í apríl til að kynna sér hugmyndir um víðtækt samstarf um menntun og atvinnusköpun „*Cooperation between education and training institutions, enterprises and local communities /Mid Sweden Science Park bringing education, enterprises and science together,*“.

Kynningar

Skýrslur og bæklingar sem komið hafa út á vorönn á vegum fræðsluviða Austurbrúar:

- Námsvísir vorannar – upplýsingar um námskeið, í janúar.
- Starfsáætlun fræðsluviða- skýrsla, í janúar.
- Staða og viðhorf atvinnulausra kvenna á Egilsstöðum og í Fjarðarbyggð - lokaskýrsla verkefnis sem unnið var fyrir Vinnumarkaðsráð - birt í janúar.
- Fjarnám í boði frá háskólum á Íslandi – samantekt, í apríl.
- Fossar á Austursvæði vatnajökulsþjóðgarðs, skýrsla og vefsvæði.
- Listhandverk og hönnun, námsskrá á 4. hæfniprepi.

Kynningarfundir:

Fundir um fjarnám og menntamál. Haldnir í maí á Neskaupstað, Reyðarfirði, Djúpavogi, Stöðvarfirði, Egilsstöðum, Borgarfirði, Vopnafirði og Seyðisfirði.